

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1992

29. apríl 1992

325

Nr. 151

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 113/1992, um jöfnunartoll á innflutt
súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Þær breytingar skulu gerðar á innheimtu gjaldsins á vörum í tollnúmerum 1905.3011, 3091, 3099 og 9040, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar, að jöfnunartollur verður eftirfarandi:

Af vörum sem flokkast í tollnúmer 1905.3011 skal greiða 13 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tollnúmer 1905.3091 skal greiða 21 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.3099 skal greiða 11 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.9040 skal greiða 40 kr. á hvert kílógramm. Jöfnunartollur á vörum í þeim tollnúmerum 1. gr. reglugerðarinnar, sem ekki eru talin upp hér að framan, skal haldast óbreyttur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 30. júní 1992. Jafnframt skal falla úr gildi reglugerð nr. 548 29. nóvember 1991 um jöfnunartoll á innfluttar kökur.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Jöfnunartollur á vörur í tollnúmeri 1905.3011 sem lagður var á með reglugerð nr. 113/1992, þann 1. apríl s.l., reyndist of hár. Með vísan til þess skulu tollstjórar endurgreiða innflytjendum mismuninn, samtals 47 kr. á kílógramm, að fenginni beiðni þar að lútandi og gegn framvísun greiðslukvittunar.

II.

Nú hefur innflytjandi, áður en reglugerð þessi gengur í gildi, afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða þegar í stað gjaldskylda vöru, og skal honum þá heimilt að greiða jöfnunartoll samkvæmt þeim reglum er í gildi voru er skjölin voru lögð inn til tollmeðferðar.

Fjármálaráðuneytið, 29. apríl 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúnar Hannesson.